

Mánudaginn 3. febr. 1930.

Nr. 125/1929. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
 gegn

Fritz Passarge (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. júlí 1929: Kærði, Fritz Passarge, á að greiða sekt að upphæð kr. 12500.00 innan fjöggra vikna og rennur hún til Landhelgis-sjóðs Íslands. En fáist hún ekki greidd skal kærði afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum O. N. 106, Altona frá Nordenham, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þriðjudaginn hinn 2. júlí f. á. var varðskipið »Óðinn« stutt hjá Tvískerjum og hélt vestur með landi á landhelgislinunni. Kl. 7,38 síðd. fór varðskipið fram hjá togaranum O. N. 106, »Altona«, sem kærði var þá skipstjóri á, og mældi varðskipið þá stað sinn þannig:

Ingólfshöfðaviti

$$> 54^{\circ} 40'$$

Salthöfði

$$> 48^{\circ} 15'$$

Þverártindsegg

en togarinn var þó heldur nær landi.

Hefir forstöðumaður stýrimannaskólans markað þennan stað á sjóbréf og sýnir það stað togarans að minnsta kosti 0,2 sm. innan landhelgislinunnar. Varðskipið hélt þá áfram vegna þess, að ekki þótti fært að setja út bát, en nokkru síðar sást togarinn beygja til lands og hélt varðskipið þá á eftir honum; kl. 7.46 var

togaranum gefið merki um að stöðvast og sneri hann þá út frá landi; kl. 7,50 var varðskipið komið að togaranum og var þá eftirfarandi staðarákvörðun gjörð:

Ingólfshöfðaviti
 $> 48^{\circ} 30'$

Hofsfjall
 $> 49^{\circ} 40'$

Þverártindsegg

Dýpi mældist 60 metrar.

Þennan stað hefir forstöðumaður stýrimannaskólans einnig markað á sjóbréf og sýnir það stað togarans 0,7 sm. innan landhelgislinunnar.

Þar sem togarinn var í bæði þessi skifti með bakborðsvörpu í sjó, er það sannað, að kærði hefir verið að veiðum innan landhelgi og þannig gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða lögregluréttardóms, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Fritz Passarge, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutn-

ingsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðinn, dags. í gær, og lagðri fram í málinu, var kærði, Fritz Passarge, fæddur 22. janúar 1888, staddur á landhelgissvæðinu í nánd við Ingólfshöfða á skipinu O. N. 106, Altona frá Nordenham, og dróg inn botnvörpuna.

Kærði hefir kannast við, að hann hafi verið með skip sitt fyrir innan landhelgislinuna, en kveður ástæðuna til þess þá, að hann hafi óttast árekstur við Óðinn, og þá hafi straumur og vindur átt þátt í því, að hann lenti inn á landhelgissvæðinu.

Samkvæmt þessum framburði kærða og hinni framlögðu skýrslu varðskipisins, er sýnir, að samkvæmt 2 mælingum, teknum kl. 7,38 og kl. 7,50, var kærði með skip sitt fyrir innan landhelgislinuna, þykir fyllilega sannað, að kærði hefir gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þykir refsing hans með tilliti til þess að um fyrsta brot hans er að ræða á þessum lögum og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 81,60 úr gullkrónu, hæfilega ákveðin 12500 kr. sekt, er greiddist innan fjöggra vikna og renni í Landhelgissjóð Íslands. En fáist hún ekki greidd ber kærða að afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 5. febr. 1930.

Nr. 102/1929.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)
gegn

Ernst Steeje (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 7. júní